

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað, umdæmi V árið 1923.

Skógurinn: Grisjun hefur farið fram á neðantöldum svæðum og sundurliðast skógarhöggið þannig:

| | |
|------------------------------------|----------------|
| Dartinum | ca. 170 hestb. |
| Plataskógi | - 2 - |
| Hólunum | - 308 - |
| Milli Kerlingarár og Krókiaks | - 64 - |
| Milli Kerlingarár og Atlavíkurlæks | - 129 - |
| Vörðuhrauni | - 300 - |
| Ljósárkinn (utan girðingar) | - 108 - |

Samtals: 1.081 hestb.

Það sem höggvið og selt hefur verið af efnivið, er því nær eingöngu mjóir reftar í girðingarstauro. Auk þess sent til Reykjavíkur, skógræktarstjóranum va. 4 hestb. gildur efniviður.

Ársvöxtur: Sumarið var venju fremur úrkimusemt og sólarlaust, mjög fáir sólskinsdagar á sumrinu. Aprílmánuður var óvanalega mildur, en í maí keldur miklir. Skógurinn liinaði í apríl, en stóð í stað í maí og var ekki allaufgaður fyr enn 3. júní. Í byrjun var hagstæð gróðrartið, en eftir miðjan þann mánuð kalt og sólarlaust. Ársvöxtur varð því lítil. Lengstu sprotar ca. 18. þuml.

Frævöxtur: Fræ spratt ekkert í skóginum á þessu sumri. Eins og áður er tekið fram var tíðin köld, vætusöm og sólarleysi, því ekki að búast við að fræ verði þroskað. Bláber uxu heldur ekki, né hrútaber. Fræ á reynivið sást alls ekki, nema á einu tré í græðireitnum. Aldursþroski trjágróðurssins er því verri enn í tyira, þó uxu fræ að vorinu á gömlum trjám.

Mákur var enginn á skóginum í ár.

Girðingin: Cert var við girðinguna í apríl, því þá leysti snjóinn. Bilanir voru nokkuð miklar, einkum mikið slitinn vírin. Nokkuð af staurum hafði brotnað og voru í þeirra stað settir birkistaurar úr skóginum. Kassi við Fljótið á norðurgirðingunni hjá Hafursá endurnýjður. Sömu leiðis grind í hlið á veginum til Skriðdals.

Græðireiturinn: Engu var sáð í hann á þessu ári.

Dreift (prikað) var þessu eftir tegundum:

| | | |
|----------|----------|--------------|
| Reynivið | 690 stk. | Endurdreift. |
| Birki | 700 - | do |
| Lævirkja | 110 - | do |
| Birki | 1.800 - | fyrsta sinn. |
| Ribs | 900 - | stönglar. |
| Víðir | 620 - | |

Samtals: 4.820 stk.

Gróðursett: Í rjóðri í Mörkinni, þar sem áður stóðu nokkrar skógarfurur, gróðursettar 1905 voru nú gróðursettar 100 stk. sömu tegundar, sem staðir hafa síðan 1910 í prikabeðum, aldur því líklega 5/13 eða 18 ár. Ennfremur gróðursettar 100 stk af samskonar furuplöntum nyrst í græðireitnum., vestan aðalvegarins, og 100 stk. lævirkjaplöntur austan megin vegarins.

Selt var úr græðireitnum: Birki 171 stk.

| | |
|-------------|-------|
| Reyniviður | 123 - |
| Lævirkjatré | 35 - |
| Víðir | 34 - |
| Fura | 9 - |
| Greni | 5 - |
| Ribs | 29 - |

Samtals: 406 stk.

| | | |
|-----------------------------|-------------|---------|
| Nú þess sendar til Færeyja: | Birki | 1.000 - |
| Sendar skógráttarstjóra: | Birki | 150 - |
| | Reyniviður | 1.000 - |
| | Lævirkjatré | 100 - |

Alls látið úr græðireitnum: 1.756 plöntur.

Vextur í græðireitnum varð eins og búast mátti við ekki mikill, vegna hinnar óhagstæðu sumarveðráttu. Kuldarnir í maí ollu líka skemmdum og kyrkingi á nýgræðingnum, sem mikið var gæring að lifna í apríl. Einkum kemur það niður á reynivið og furu, og þá aðallega á þeim hríslum sem voru allaufgáðar, þegar kuldarnir komi í maí og kulnaði þá laufið. Þær náðu þó að bera lauf aftur um mánaðarmót júní-júlí.

Birkifræi sæð í tilraunareit neðan við Holabeðin, sem undirbúinn var í fyrra sumar. Fræið kom lítið eða ekki upp. Græssvörðurinn sennilega ekki nógu fúinn orðinn.

Byggingar: Lokið við að innrétta svefnherbergi í norður-enda hússins niðri. Stækkaður og endurnýjaður glugginn, settar dyr á herbergið inn í gestastofuna. Smiðjukofinn sem brann í fyrra var byggður upp.

Ferðir fór ég engar á árinu. Í því sambandi skal þess getið, að mjög nauðsyðlegt væri að líta eftir grisjun á öllum stærri skógarsvæðum hér í Múlasúslum á næsta sumri. Nú vill svo til að skógarnotkun til eldsneytis er miklu meiri á þessum yfirstandandi vetri, en verið hefur nú um langan tíma. Veldur því að ópurrkarnir s.l. sumar voru svó miklir að mór og sauðatað varð ekki þurrkað, nema að litlu leyti. Nú er almennt hér um slóðir brennt við, þar sem til næst með góðu móti. Þetta veldur því, að grisjun verður framkvæmd almennt í stærri stíl, en undanverið.

Haliormsstað 11. janúar 1924,
Guttormur Þálsson.